



50. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 17. júlí, 2003, kl. 18:00 á skrifstofu bæjarins.

Varaformaður bæjarráðs, Hjördís Blöndal, setti fund og stjórnaði honum.
Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá skólastjóra vegna sérkennsluáætlunar fyrir skólaárið 2003-2004.
3. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.
4. Erindi frá Lionsklúbbnum vegna plöntun skjólbeltis.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. Bæjarráð og bæjarstjóri þáðu boð Hrannar Vilhelmsdóttur sem í dag opnaði starfsemi Textílvinnustofu í Kvennaskólahúsinu á Blönduósi. Í ræðu Hrannar við opnun kom m.a. fram að 2-3 störf hafi skapast nú þegar og hefur hún einnig nema frá Listaháskóla Íslands við störf í sumar. Bæjarráð lýsir yfir mikill ánægju með frumkvæði og framtak Hrannar með rekstur Textílvinnustofu á Blönduósi.
2. Erindi frá skólastjóra vegna sérkennsluáætlunar fyrir skólaárið 2003-2004.
Bæjarráð samþykkir sérkennsluáætlun fyrir skólaárið 2003-2004 sem gerir ráð fyrir 65 tímum.
3. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún. frá 2. júlí 2003.
Lögð fram til kynningar
4. Erindi frá Lionsklúbbnum vegna plöntun skjólbeltis.
Lionsklúbbur Blönduóss óskar í erindi sínu eftir að fá að planta skjólbelti austan við bæinn. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir. Tæknideild falið að fara yfir framkvæmd verksins.
5. Önnur mál voru engin.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:40.

Hjördís Blöndal (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)